

VIÐHORF TIL LÖGREGLU

Könnun á viðhorfum almennings til þjónustu
og starfa lögreglunnar 2017



FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS





Lýsing á rannsókn

| | |
|-------------------------|--------------------------------------------------------------------|
| Unnið fyrir | Embætti ríkislögreglustjóra |
| Markmið rannsóknar | Að kanna viðhorf almennings til þjónustu lögreglu og starfa hennar |
| Dagsetning skýrsluskila | Janúar 2017 |

Ábyrgðaraðilar

| | |
|-------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Framkvæmd | Embætti ríkislögreglustjóra og lögreglan á höfuðborgarsvæðinu lögðu til spurningalistann. Rannsóknarstofa í afbrotufræði og Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands yfirfóru listann og lögðu hann fyrir í netkönnun. |
| Gagnaöflun | Benjamín Gíslason Margrét Valdimarsdóttir Ævar Þórólfsson |
| Úrvinnsla | Margrét Valdimarsdóttir |
| Skýrslugerð | Margrét Valdimarsdóttir |

INNGANGUR

Spurningar um viðhorf til lögreglu og reynslu af afbrotum og ótta við þau komu frá embætti ríkislögreglustjóra og embætti lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Könnunin var send á netpanel Félagsvísindastofnunar. Hér fyrir neðan er eingöngu birt samantekt á niðurstöðum á viðhorfum til lögreglu og starfa hennar. Aðrar niðurstöður eru birtar í öðrum skýrslum. Niðurstöður könnunarinnar voru unnar af Rannsóknastofu í afbrotafræði og Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

FRAMKVÆMD

Tekið var 4.000 manna lagskipt tilviljunarúrtak úr netpanel Félagsvísindastofnunar. Úrtakið var tvískipt; u.þ.b. 2.000 af höfuðborgarsvæðinu og 2.000 af landsbyggðinni. Alls svöruðu 2.515 einstaklingar könnunni og er því svarhlutfall um 63%. Netpanell Félagsvísindastofnunar samanstendur af fólki 18 ára og eldra á landinu öllu sem hefur samþykkt að taka þátt í netkönnun á vegum stofnunarinnar. Netpanellinn byggist á tilviljunarúrtaki úr Þjóðskrá.

Niðurstöður rannsóknarinnar hafa verið vigtaðar þannig að úrtakið endurspegli þýði með tilliti til aldurs, kyns, menntunar og búsetu. Niðurstöður eru jafnframt greindar eftir þessum sömu bakgrunnsbreytum. Búsetu er skipt upp í samræmi við lögregluumdæmin sbr. eftirfarandi skipting:

- Höfuðborgarsvæðið: Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu
- Suðurnes: Lögreglan á Suðurnesjum
- Vesturland/Vestfirðir: Lögreglan á Vesturlandi/Lögreglan á Vestfjörðum
- Norðurland: Lögreglan á Norðurlandi eystra/Lögreglan á Norðurlandi vestra
- Austurland: Lögreglan á Austurlandi
- Suðurland: Lögreglan á Suðurlandi/Lögreglan í Vestmannaeyjum

Tafla 1. Framkvæmd könnunar

| Framkvæmdarmáli | |
|------------------|-------------------|
| Upplýsingasöfnun | Netkönnun |
| | 11.05.17-21.06.17 |
| Fjöldi í úrtaki | 4000 |
| Fjöldi svarenda | 2515 |
| Svarhlutfall | 63% |

Tafla 2. Samanburður á dreifingu eftir kyni, aldri og búsetu svarenda (fyrir vigtun) og þýðis.

| | Fjöldi svarenda | Hlutfall svarenda | Hlutfall í þýði |
|-------------------------------|-----------------|-------------------|-----------------|
| Kyn | | | |
| Karl | 1238 | 49,2% | 49,4% |
| Kona | 1277 | 50,8% | 50,6% |
| Aldur*** | | | |
| 18-25 ára | 181 | 7,2% | 14,0% |
| 26-35 ára | 368 | 14,6% | 18,8% |
| 36-45 ára | 453 | 18,0% | 17,8% |
| 46-55 ára | 527 | 21,0% | 17,0% |
| 56-65 ára | 494 | 19,6% | 15,4% |
| 66 ára og eldri | 492 | 19,6% | 17,1% |
| Búseta*** | | | |
| Höfuðborgarsvæði | 1271 | 50,5% | 62,8% |
| Vesturland/Vestfirðir | 208 | 8,3% | 7,0% |
| Norðurland | 438 | 17,4% | 11,2% |
| Austurland | 145 | 5,8% | 3,7% |
| Suðurland | 276 | 11,0% | 8,3 % |
| Suðurnes | 177 | 7,0% | 7,0% |
| Menntun*** | | | |
| Grunnskólamenntun | 281 | 12,0% | 31,2% |
| Framhaldsskólamenntun | 984 | 42,2% | 38,2% |
| Háskólamenntun | 1068 | 45,8% | 30,6% |
| Vil ekki svara | 182 | | |
| Heildarfjöldi svarenda | 2115 | | |

Marktækur munur er á hlutfalli í úrtaki og hlutfalli í þýði; * $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

HELSTU NIÐURSTÖÐUR


- Mikill meirihluti landsmanna telur lögreglu hafa skilað góðu starfi við að stemma stigu við afbrotum í sínu hverfi. Ánægja með störf lögreglu er sérstaklega mikil meðal fólks í elsta aldurshópnum, 66 ára og eldri. Ekki er munur á ánægju með störf lögreglu eftir öðrum bakgrunnspáttum.
- Sýnileiki lögreglu hefur aðeins minnkað á síðustu árum. Hlutfallslega færri telja sig nú sjá lögreglu oft en einu í viku. Tæplega 8% landsmanna segjast aldrei sjá lögregluna í sínu hverfi. Töluverður munur er á sýnileika lögreglu eftir búsetu. Íbúar á Austurlandi eru líklegastir til að segjast sjá lögreglu oft en einu sinni í viku í sínu hverfi, en lægsta hlutfallið er meðal íbúa á höfuðborgarsvæðinu. Þeir sem hafa háskólamenntun eru síður líklegir til að segjast sjá lögregluna oft í sínu hverfi en þeir sem hafa minni menntun.
- Þrátt fyrir að hátt hlutfall (yfir 70%) landsmanna telji lögregluna mjög eða frekar aðgengilega er hlutfallið aðeins lægra en á allra síðustu árum. Nokkur munur er á hvort fólk telji lögregluna aðgengilega eftir búsetu. Fólk á Suðurnesjum er líklegast til að telja lögreglu aðgengilega, en íbúar á höfuðborgarsvæðinu ólíklegastir til að upplifa lögregluna aðgengilega.
- Traust til lögreglu og starfa hennar er almennt mikið. Konur og eldri aldurshópar eru líklegri en aðrir til að bera mikið traust til lögreglu. Mest er traust til lögreglu meðal íbúa á Suðurlandi og Norðurlandi, en minnst meðal íbúa á Austurlandi. Traust á lögreglu eykst jafnframt með aukinni menntun.
- Mikill meirihluti landsmanna telur jafnframt lögregluna vera lögmætt yfirvald. Sömu hópar og bera mest traust til lögreglu eru líklegastir til að vera sammála því að lögreglan sé lögmætt yfirvald og að það beri að fylgja fyrirmælum hennar.
- Í könnun sem lögð var fyrir 2017 sögðust 36% landsmanna hafa leitað eftir einhverskonar þjónustu lögreglu á undangengnu ári. Þetta er svipað hlutfall og á síðustu árum. Flestir nýttu sér þjónustu lögreglu með því að hringja í neyðarlínuna (112). Mikill meirihluti þeirra sem leituðu eftir þjónustu lögreglu voru ánægðir með þá þjónustu sem þeir fengu. Mest var ánægjan meðal þeirra sem nýttu sér samfélagsmiðla en minnst meðal þeirra sem sendu lögreglunni tölvupóst.

Viðhorf til starfa lögreglu¹

- Mikill meirihluti landsmanna telur lögreglu skila mjög eða frekar góðu starfi við að stemma stigu við afbrotum, eða um 84%.
- Þó segja fleiri en áður að lögreglan hafi skilað slæmu starfi, eða 15% (sjá mynd 2).
- Marktækur munur er á viðhorfum höfuðborgarbúa til starfa lögreglu eftir aldri, en ekki eftir öðrum bakgrunnsbreytum sem notaðar eru til greiningar í þessari könnun. Hlutfallslega flæstir í aldurshópnum (36-45 ára) telja lögreglu hafa skilað mjög eða frekar góðu starfi, eða um 78% (sjá töflu 4).


Tafla 3. Viðhorf landsmanna til starfa lögreglu.

| | Fjöldi eftir vigtun | Hlutfall | Vikmörk +/- | Hlutfall |
|---------------------|---------------------|-------------|-------------|----------|
| Mjög góðu starfi | 430 | 23% | 1,9% | 23% |
| Frekar góðu starfi | 1130 | 61% | 2,2% | 61% |
| Frekar slæmu starfi | 239 | 13% | 1,5% | 13% |
| Mjög slæmu starfi | 48 | 3% | 0,7% | 3% |
| Fjöldi svara | 1847 | 100% | | |
| Veit ekki | 653 | | | |
| Vil ekki svara | 15 | | | |
| Alls | 2515 | | | |




Mynd 1. Viðhorf landsmanna til starfa lögreglu.

¹ Spurt var: Þegar á heildina er lítið, hversu góðu eða slæmu starfi finnst þér lögreglan skila í þínu hverfi til að stemma stigu við afbrotum?



Mynd 2. Viðhorf landsmanna til starfa lögreglu, samanburður frá 2008 til 2017 (uppl. fyrir 2010 og 2012 vantar).

Tafla 4. Prósenthlutfall svarenda sem telur lögreglu skila **mjög eða frekar** góðu starfi til að stemma stigu við afbrotum í sínu hverfi, eftir kyni, aldri, búsetu og menntun.




Sýnileiki lögreglu²

- Eins og sjá má í töflu töflu 5, segjast flestir sjá lögregluna í sínu hverfi einu sinni í mánuði eða sjaldnar, eða um 39%. Um 23% landsmanna sjá lögregluna oftár en einu sinni í viku, en einungis 8% segjast aldrei sjá lögreglu eða lögreglubíl í sínu hverfi.
- Á mynd 3 er mat landsmanna á sýnileika lögreglu árið 2017 borið saman við fyrri ár. Hlutfall þeirra sem segist sjá lögreglu oftár en einu sinni í viku hefur lækkað töluvert frá því sem það var á síðustu árum þar á undan. Íslendingar sem segjast aldrei sjá lögreglu í sínu hverfi er svipað árið 2017 (tæplega 8%) og það var árinu áður, en hlutfallið var hærra árin 2013 og 2014. Upplýsingar um árið 2015 vantar.
- Hlutfallslega fleiri karlar segjast sjá lögreglu oftár en einu sinni í viku, eða um 25% samanborðið við um 21% kvenna. Ekki er mikill munur á mati á sýnileika lögreglu eftir aldurshópi en er hann þó tölfræðilega marktækur. Fólk á aldrinum 46 til 65 ára er aðeins líklegra en fólk á öðrum aldri til að segjast sjá lögregluna í sínu hverfi oftár en einu sinni í viku (sjá töflu 6).
- Töluverður munur er á sýnileika lögreglu eftir búsetu og menntun. Mun lægra hlutfall íbúa á höfuðborgarsvæðinu segist sjá lögreglu vikulega eða oftár en íbúa í öðrum lögregluumdæmum. Hæst er hlutfallið hjá fólki á Austurlandi, eða um 46%.
- Sýnileiki lögreglu lækkar með aukinni menntun. Með öðrum orðum, tæplega þriðjungur þeirra sem hafa lokið grunnsóknamenntun sjá lögregluna í sínu hverfi vikulega eða oftár, samanborðið við rúmlega 21% þeirra sem hafa lokið framhaldsskólaprófi og um 16% þeirra sem hafa lokið háskólaprófi (sjá töflu 6).

² Spurt var: Hversu oft sérð þú lögreglumann eða lögreglubíl í þínu hverfi að jafnaði (hér er ekki átt við sýnileika lögreglu t.d. í fjölmiðlum)?


Tafla 5. Hversu oft landsmenn sjá lögreglumann eða lögreglubíl í sínu hverfi.

| | Fjöldi eftir vigtun | Hlutfall | Vikmörk +/- | Hlutfall |
|----------------------------------|------------------------|-------------|-------------|----------|
| Oftar en einu sinni í viku | 569 | 23% | 1,6% | 23% |
| 2-3 í mánuði til vikulega | 754 | 31% | 1,8% | 31% |
| Einu sinni í mánuði eða sjaldnar | 950 | 39% | 1,9% | 39% |
| Aldrei | 194 | 8% | 1,0% | 8% |
| Fjöldi svara | 2466 | 100% | | |
| Veit ekki | 41 | | | |
| Vil ekki svara | 8 | | | |
| Alls | 2515 | | | |



Mynd 3. Hversu oft landsmenn sjá lögreglumann eða lögreglubíl í sínu hverfi, samanburður frá 2013 til 2017 (uppl. fyrir 2015 vantar).

Tafla 6. Hlutfall landsmanna sem sjá lögreglumann eða lögreglubíl í sínu hverfi **oftar en einu sinni í viku**, skipt upp eftir kyni, aldri, búsetu og menntun.




Marktækur munur milli hópa *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001

Aðgengi að lögreglunni³

- Um það bil 72% landsmanna telja lögreglu frekar eða mjög aðgengilega. Þetta hlutfall er örlítið lægra en á allra síðustu árum þar á undan (sjá töflu 7, mynd 4 og mynd 5).
- Það er einungis marktækur munur á mati Íslendinga á aðgengi sínu að lögreglunni eftir búsetu. Íbúar á Suðurnesjum eru líklegastir til að telja lögregluna aðgengilega (u.þ.b. 85%). En einnig telur hátt hlutfall fólks á Norðurlandi lögregluna mjög eða frekar aðgengilega, eða um 81%. Hlutfallslega fæstir íbúar á höfuðborgarsvæðinu telja lögregluna aðgengilega (u.þ.b. 66%).


Tafla 7. Mat landsmanna á aðgengi sínu að lögreglunni.

| | Fjöldi eftir vigtun | Hlutfall | Vikmörk +/- | Hlutfall |
|---------------------|------------------------|-------------|-------------|----------|
| Mjög aðgengileg | 433 | 23% | 1,6% | 23% |
| Frekar aðgengileg | 933 | 49% | 2,0% | 49% |
| Frekar óaðgengileg | 402 | 21% | 1,6% | 21% |
| Mjög óaðgengileg | 140 | 7% | 1,0% | 7% |
| Fjöldi svara | 1908 | 100% | | |
| Veit ekki | 594 | | | |
| Vil ekki svara | 13 | | | |
| Alls | 2515 | | | |




















Mynd 4. Mat landsmanna á aðgengi sínu að lögreglunni.

³ Spurt var: Þegar þú hugsar um aðgengi þitt að lögreglunni, t.d. til að fá þjónustu eða aðstoð þegar á þarf að halda, hversu aðgengileg eða óaðgengileg finnst þér lögreglan vera í þínu hverfi?



Mynd 5. Mat landsbúa á aðgengi sínu að lögreglunni árin 2008 til 2017 (ath. uppl. um 2015 vantar).

Tafla 8. Hlutfall landsmanna sem telur lögreglu vera mjög eða frekar aðgengilega í sínu hverfi.

| | Fjöldi efir vigtun | Hlutfall | Hlutfall |
|-----------------------|-----------------------|----------|---------------------------------------------------------------------------------------------|
| Kyn | | | |
| Karl | 670 | 70,10% |  70,10% |
| Kona | 696 | 73,10% |  73,10% |
| Aldur | | | |
| 18-25 ára | 202 | 73,10% |  73,10% |
| 26-35 ára | 250 | 68,20% |  68,20% |
| 36-45 ára | 250 | 70,00% |  70,00% |
| 46-55 ára | 229 | 69,70% |  69,70% |
| 56-65 ára | 197 | 73,40% |  73,40% |
| 66 ára og eldir | 238 | 76,70% |  76,70% |
| Búseta*** | | | |
| Höfuðborgarsvæði | 694 | 65,80% |  65,80% |
| Vesturland/Vestfirðir | 119 | 73,10% |  73,10% |
| Norðurland | 206 | 80,60% |  80,60% |
| Austurland | 67 | 75,10% |  75,10% |
| Suðurland | 148 | 78,10% |  78,10% |
| Suðurnes | 132 | 84,50% |  84,50% |
| Menntun | | | |
| Grunnskólamenntun | 423 | 72,10% |  72,10% |
| Framhaldsskólamenntun | 479 | 71,30% |  71,30% |
| Háskólamenntun | 365 | 71,50% |  71,50% |

50% 60% 70% 80% 90% 100%

Marktækur munur milli hópa *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001

Traust til lögreglu


- Mikill meirihluti landsmanna ber traust til lögreglu. Um það bil 85% þeirra eru mjög eða frekar sammála þeirri fullyrðingu að þeir beri traust til lögreglu og starfa hennar (sjá töflu 9).
- Eins og kemur fram í töflu 10 er marktækur munur á trausti til lögreglu eftir öllum bakgrunnspáttum sem eru greindir.
- Hlutfallslega fleiri konur en karlar bera traust til lögreglu, eða um 88% kvenna samanborið við um 82% karla. Traust til lögreglu eykst með hækkandi aldri. Hæsta hlutfall landsmanna sem bera traust til lögreglu eru í elsta aldurshópnum, 66 ára og eldri (u.þ.b. 92%). Lægsta hlutfallið er meðal fólks í yngsta aldurshópnum (u.þ.b. 79%). Traust eykst jafnframt með aukinni menntun.
- Traust til lögreglu er minnst meðal íbúa á Austurlandi (tæplega 72%). Traust meðal fólks á Vesturlandi/Vestfjörðum er jafnframt aðeins lægra en annars staðar á landinu en þó segjast rétt yfir 80% íbúa á þessu svæði vera mjög eða frekar sammála því að þeir beri traust til lögreglu og starfa hennar (sjá töflu 10).
- Mikill meirihluti landsmanna er jafnframt mjög eða frekar sammála fullyrðingunni að lögreglan vinni í þágu almennings, eða um 89% (sjá töflu 11).
- Mikill meirihluti landsmanna er einnig mjög eða frekar sammála fullyrðingunni að lögreglan sé heiðarleg, eða um 85% (sjá töflu 12).

Tafla 9. Mat landsmanna á trausti til lögreglu⁴.

| | Fjöldi eftir vigtun | Hlutfall | Vikmörk +/- | Hlutfall |
|---------------------|------------------------|-------------|-------------|----------|
| Mjög sammála | 917 | 37% | 1,9% | 37% |
| Frekar sammála | 1162 | 48% | 2,0% | 48% |
| Hvorki né | 217 | 9% | 1,1% | 9% |
| Frekar ósammála | 81 | 3% | 0,7% | 3% |
| Mjög ósammála | 71 | 3% | 0,7% | 3% |
| Fjöldi svara | 2448 | 100% | | |
| Veit ekki | 7 | | | |
| Vil ekki svara | 60 | | | |
| Alls | 2515 | | | |

⁴ Spurt var: Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingum?—Ég ber traust til lögreglu og starfa hennar

Tafla 10. Hlutfall landsmanna sem eru **mjög eða frekar sammála** að þeir beri traust til lögreglu, skipt upp eftir kyni, aldri, búsetu og menntun.



Tafla 11. Hlutfall landsmanna sem telur lögreglu vinna í þágu almennings⁵.

| | Fjöldi eftir vigtun | Hlutfall | Vikmörk +/- | Hlutfall |
|---------------------|------------------------|-------------|-------------|----------|
| Mjög sammála | 1036 | 43% | 1,9% | 43% |
| Frekar sammála | 1108 | 46% | 1,9% | 46% |
| Hvorki né | 192 | 8% | 1,1% | 8% |
| Frekar ósammála | 58 | 2% | 0,6% | 2% |
| Mjög ósammála | 37 | 2% | 0,5% | 2% |
| Fjöldi svara | 2431 | 100% | | |
| Veit ekki | 20 | | | |
| Vil ekki svara | 64 | | | |
| Alls | 2515 | | | |

Tafla 12. Hlutfall landsmanna sem telur lögreglu heiðarlega⁶.

| | Fjöldi eftir vigtun | Hlutfall | Vikmörk +/- | Hlutfall |
|---------------------|------------------------|-------------|-------------|----------|
| Mjög sammála | 876 | 44% | 1,9% | 37% |
| Frekar sammála | 819 | 41% | 1,9% | 48% |
| Hvorki né | 235 | 12% | 1,3% | 9% |
| Frekar ósammála | 34 | 2% | 0,5% | 3% |
| Mjög ósammála | 28 | 1% | 0,5% | 3% |
| Fjöldi svara | 1992 | 100% | | |
| Veit ekki | 456 | | | |
| Vil ekki svara | 67 | | | |
| Alls | 2515 | | | |






⁵ Spurt var: Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingum?-Lögregla vinnur í þágu almennings

⁶ Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingum?-Lögreglan í mínu hverfi/svæði er almennt heiðarleg

Lögmæti lögreglu


- Hátt hlutfall landsmanna, eða um 85%, telja lögregluna vera lögmætt yfirvald og að fyrirmælum hennar beri að fylgja. Eingöngu 3% eru ósammála fullyrðingunni (sjá töflu 13).
- Í töflu 14 kemur fram að það er marktækur munur á hlutfalli þeirra sem telja lögregluna lögmætt yfirvald eftir aldri, búsetu og menntun. Í úrtakinu voru hlutfallslega fleiri konur en karlar sammála fullyrðingunni að lögreglan væri lögmætt yfirvald, en þessi munur er ekki tölfræðilega marktækur.
- Upplifun á lögmæti lögreglu eykst með hækkandi aldri. Níu af hverjum 10 í elsta aldurshópnum (66 ára og eldri) telja lögregluna lögmætt yfirvald samanborið við um 78% þeirra sem eru í yngsta aldurshópnum (18 til 25 ára).
- Hæsta hlutfall þeirra sem búa á Norðurlandi og Suðurlandi eru sammála fullyrðingunni að lögreglan sé lögmætt yfirvald, sem er hærra en í öðrum landshlutum. Lægsta hlutfallið er meðal íbúa á Austurlandi, en það er um 79%.
- Jafnframt hækkar hlutfall þeirra sem telja lögregluna lögmætt yfirvaldi með aukinni menntun. Þó eru um 82% landsmanna með grunnskólamenntun sammála fullyrðingunni um lögmælti lögreglu.
- Í töflum 15 til 18 eru viðhorf landsmanna til málefna sem tengjast lögmæti lögreglu skoðuð. Í töflu 15 kemur fram að um 30% landsmanna er því mjög eða frekar sammála að það geti komið upp aðstæður þar sem það er í lagi að fylgja ekki fyrirmælum lögreglu. En 47% Íslendinga er ósammála þeirri fullyrðingu.
- Meirihluti landsmanna (u.þ.b. 74%) eru sammála að fylgja skuli fyrirmælum lögreglu þó maður skilji ekki þær ástæður sem lagðar eru til grundvallar (sjá töflu 16). Jafnframt telja um 65% landsmanna að virða skuli ákvarðanir lögreglu jafnvel þó maður telji þær rangar. Svipað hlutfall (u.þ.b. 64%) telur að fylgja skuli fyrirmælum lögreglu, þó maður sé ósáttur við framkomu hennar eða úrlausn ákveðinna verkefna.

Tafla 13. Hlutfall landsbúa sem telur lögregluna vera lögmætt yfirvald og að fyrirmælum hennar ber að fylgja⁷.

| | Fjöldi eftir vigtun | Hlutfall | Vikmörk +/- | Hlutfall |
|---------------------|------------------------|-------------|-------------|----------------------------------------------------------------------------------------|
| Mjög sammála | 1401 | 44% | 1,9% |  37% |
| Frekar sammála | 802 | 41% | 1,9% |  48% |
| Hvorki né | 162 | 12% | 1,3% |  9% |
| Frekar ósammála | 34 | 2% | 0,5% |  3% |
| Mjög ósammála | 15 | 1% | 0,5% |  3% |
| Fjöldi svara | 2433 | 100% | | |
| Veit ekki | 14 | | | |
| Vil ekki svara | 68 | | | |
| Alls | 2515 | | | |

⁷ Spurt var: Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingum?-Lögregla er lögmætt yfirvald og fyrirmælum hennar ber að fylgja

Tafla 14. Hlutfall landsmanna sem eru **mjög eða frekar sammála** að lögreglan sé lögmætt yfirvald og að fyrirmælum hennar ber að fylgja, skipt upp eftir kyni, aldri, búsetu og menntun.



Tafla 15. Hlutfall landsmanna er sammála eða ósammála að upp geti komið aðstæður þar sem það er í lagi að framfylgja ekki fyrirmælum lögreglu.

| | Fjöldi eftir vigtun | Hlutfall | Vikmörk +/- | Hlutfall |
|---------------------|------------------------|-------------|-------------|----------|
| Mjög sammála | 226 | 10% | 1,2% | 10% |
| Frekar sammála | 445 | 20% | 1,6% | 20% |
| Hvorki né | 506 | 23% | 1,6% | 23% |
| Frekar ósammála | 560 | 25% | 1,7% | 25% |
| Mjög ósammála | 481 | 22% | 1,6% | 22% |
| Fjöldi svara | 2218 | 100% | | |
| Veit ekki | 218 | | | |
| Vil ekki svara | 79 | | | |
| Alls | 2515 | | | |

Tafla 16. Hlutfall landsmanna er sammála eða ósammála að fylgja skuli fyrirmælum lögreglu þó maður skilji ekki þær ástæður sem lagðar eru til grundvallar.

| | Fjöldi eftir vigtun | Hlutfall | Vikmörk +/- | Hlutfall |
|---------------------|------------------------|-------------|-------------|----------|
| Mjög sammála | 734 | 31% | 1,8% | 31% |
| Frekar sammála | 1025 | 43% | 1,9% | 43% |
| Hvorki né | 384 | 16% | 1,4% | 16% |
| Frekar ósammála | 157 | 7% | 1,0% | 7% |
| Mjög ósammála | 76 | 3% | 0,7% | 3% |
| Fjöldi svara | 2377 | 100% | | |
| Veit ekki | 68 | | | |
| Vil ekki svara | 70 | | | |
| Alls | 2515 | | | |

Tafla 17. Hlutfall landsmanna sem er sammála eða ósammála að virða skuli ákvarðanir lögreglu jafnvel þó maður telji þær rangar.


| | Fjöldi eftir vigtun | Hlutfall | Vikmörk +/- | Hlutfall |
|---------------------|------------------------|-------------|-------------|----------|
| Mjög sammála | 615 | 26% | 1,7% | 26% |
| Frekar sammála | 930 | 39% | 1,9% | 39% |
| Hvorki né | 484 | 21% | 1,6% | 21% |
| Frekar ósammála | 216 | 9% | 1,1% | 9% |
| Mjög ósammála | 118 | 5% | 0,9% | 5% |
| Fjöldi svara | 2363 | 100% | | |
| Veit ekki | 81 | | | |
| Vil ekki svara | 71 | | | |
| Alls | 2515 | | | |

Tafla 18. Hlutfall landsmanna sem er sammála eða ósammála að fylgja skuli fyrirmælum lögreglu, þó maður sé ósáttur við framkomu hennar eða úrlausn ákveðinna verkefna.


| | Fjöldi eftir vigtun | Hlutfall | Vikmörk +/- | Hlutfall |
|---------------------|------------------------|-------------|-------------|----------|
| Mjög sammála | 553 | 23% | 1,7% | 23% |
| Frekar sammála | 978 | 41% | 1,9% | 41% |
| Hvorki né | 553 | 23% | 1,7% | 23% |
| Frekar ósammála | 208 | 9% | 1,1% | 9% |
| Mjög ósammála | 75 | 3% | 0,7% | 3% |
| Fjöldi svara | 2367 | 100% | | |
| Veit ekki | 76 | | | |
| Vil ekki svara | 72 | | | |
| Alls | 2515 | | | |

Samskipti við lögreglu

- Í könnun sem lögð var fyrir 2017 sögðust 36% landsmanna hafa leitað eftir einhverskonar þjónustu lögreglu á undangengnu ári. Eins og kemur fram á mynd 6, er þetta hlutfall svipað og hlutfall fólks sem leitaði eftir þjónustu lögreglu í könnun árið 2016 og 2015. Í könnun frá árinu 2014 leitaði heldur hærra hlutfall landsmanna eftir þjónustu lögreglu, eða um 42%, en spurningin var víðtækari það ár.
- Það var eingöngu marktækur munur á hlutfalli þeirra sem leituðu eftir þjónustu lögreglu eftir aldri (ekki birt í töflu eða á mynd). Fólk á aldrinum 36 til 45 ára var líklegast til að leita eftir þjónustu en þeir sem eru 66 ára eða eldri voru ólíklegastir.
- Af þeim sem leituðu eftir þjónustu lögreglu hringdu flestir í Neyðarlínuna (112), eða tæplega 49%. Rúmlega 31% þeirra sem nýttu sér þjónustu lögreglu í könnuninni 2017, nýttu sér samfélagsmiðla hennar og sama hlutfall hringdi á lögreglustöð. Hlutfallslega fæstir, eða um 7%, sendu lögreglunni tölvupóst (sjá mynd 7).
- Í töflu 19 er tegund þjónustu sem leitað var eftir greind eftir bakgrunni landsmanna. Heldur hærra hlutfall karla en kvenna hringdi í Neyðarlínuna, hringdi á eða fór á lögreglustöð. En hærra hlutfall kvenna en karla nýttu sér samfélagsmiðla lögreglu. Önnur hlutföll sem voru marktæk milli hópa eru merkt í töflunni með viðeigandi stjörnu við fyrstu prósentutöluna sem birtist.
- Meirihluti þeirra sem nýttu sér þjónustu lögreglu voru ánægðir með þjónustuna sem þeir fengu. Ánægjan var sérstaklega mikil meðal þeirra sem nýttu sér samfélagsmiðla lögreglu, þar sem um 97% þeirra voru mjög eða frekar ánægðir með þjónustuna. Heldur lægra hlutfall þeirra sem sendu lögreglunni tölvupóst voru ánægðir með þjónustuna, en þó var hlutfall ánægðra um 71% (sjá mynd 8).



Mynd 6. Hlutfall landsmanna sem höfðu leitað eftir einhverskonar þjónustu lögreglu frá 2014 til 2017, spurt er um undangengið ár (árið 2014 var orðalag spurningarinnar víðtækara en síðari ár).




Mynd 7. Hlutfall landsmanna sem leituðu eftir þjónustu lögreglu, greint eftir samskiptaleið. Svarendur máttu merkja við fleiri en einn valmöguleika og er því heildarhlutfallið hærra en 100%.

Tafla 19. Hlutfall landsmanna sem leituðu eftir þjónustu lögreglu, greint eftir samskiptaleið, kyni, aldri, búsetu og menntun.

| | Fjöldi eftir vigtun | Hringdi í neyðarlínuna | Nýttí mér samfélags- miðla | Hringdi á lögreglustöð | Fór á lögreglustöð | Fór á heimasiðu lögreglu | Sendi lögreglunni tölv upóst |
|-----------------------|------------------------|---------------------------|----------------------------------|---------------------------|-----------------------|--------------------------------|------------------------------------|
| Kyn | | | | | | | |
| Karl | 747 | 20,2%** | 8,3%*** | 13,2%* | 11,9%** | 4,6% | 3,0% |
| Kona | 690 | 16,2% | 15,0% | 10,1% | 8,3% | 3,7% | 2,5% |
| Aldur | | | | | | | |
| 18-25 ára | 234 | 24,4%*** | 16,1%*** | 10,2%*** | 12,6%*** | 4,0%** | 1,9%** |
| 26-35 ára | 342 | 24,4% | 19,4% | 13,1% | 10,7% | 5,3% | 2,2% |
| 36-45 ára | 379 | 23,4% | 17,7% | 18,9% | 15,3% | 6,9% | 4,2% |
| 46-55 ára | 237 | 15,3% | 7,9% | 11,6% | 12,0% | 4,8% | 5,1% |
| 56-65 ára | 153 | 13,1% | 6,2% | 9,1% | 7,3% | 2,2% | 2,5% |
| 66 ára og eldri | 91 | 8,8% | 2,2% | 6,1% | 2,4% | 1,3% | 0,4% |
| Búseta | | | | | | | |
| Höfuðborgarsvæði | 865 | 18,5%** | 13,4%** | 10,4% | 6,9%*** | 3,8%* | 2,8% |
| Vesturland/Vestfirðir | 121 | 21,5% | 6,1% | 16,3% | 21,1% | 3,4% | 1,3% |
| Norðurland | 152 | 11,5% | 10,1% | 13,8% | 13,2% | 3,6% | 3,5% |
| Austurland | 43 | 11,3% | 5,2% | 10,7% | 15,7% | 4,5% | 0,7% |
| Suðurland | 147 | 18,5% | 11,7% | 13,9% | 16,5% | 8,7% | 3,3% |
| Suðurnes | 107 | 25,5% | 7,1% | 12,6% | 11,5% | 2,9% | 2,6% |
| Menntun | | | | | | | |
| Grunnskólanám | 425 | 19,1% | 10,2% | 13,4% | 11,6%* | 2,4%** | 1,8% |
| Framhaldsskólanám | 520 | 17,8% | 11,5% | 11,4% | 10,8% | 4,1% | 2,9% |
| Háskólanám | 409 | 16,9% | 12,8% | 10,4% | 7,7% | 5,9% | 3,6% |

Marktækur munur milli hópa *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001



Mynd 8. Hlutfall landsmanna sem leituðu eftir þjónustu lögreglu og voru **mjög eða frekar** ánægðir með þjónustuna, greint eftir samskiptaleið.